



## Stjórnarfundur HSH

Haldinn á teams,

7. janúar 2024 kl. 19.30

Fundinn sátu: Laufey Bjarnadóttir, Berglind Long, Garðar Svansson, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir.

Kristfríður Rós Stefánsdóttir fjarverandi.

Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir

### 1. Dagbók framkvæmdastjóra

- a. Framkvæmdastjóri hefur unnið að því að undirbúa hófið þar sem Íþróttafólki HSH og sjálfboðaliðum verða veittar viðurkenningar. Hófið verður á Langaholti þann 12. janúar kl. 12.30. Búið er að bjóða stjórn HSH og stjórnnum aðildarféлага HSH á hófið ásamt Íþróttafólki, sjálfboðaliðum, vinnuþjörkum HSH og fjölskyldum þeirra.
- b. Heimasíða HSH – stöðugt verið að bæta inn og breyta. Unnið er að því að setja inn upplýsingar um þá sjálfboðaliða, vinnuþjarka og heiðursfélaga sem hafa fengið viðurkenningar hjá HSH.
- c. Lög aðildarféлага – búið er að safna saman lögum aðildarfélaganna og byrjað að skoða þau með tilliti til breytinga.
  - i. Framkvæmdastjóri hefur unnið að því að koma gömlum gögnum HSH inn á HSH drifið. Þá hefur gjaldkeri HSH komið öllum kössum á þjóðskjalasafnið.
- d. Móttökubæklingar voru kláraðir í desember og eru komnir í yfirlestur. Stefnt er að því að prenta þá um miðjan janúar og panta peysur ungmennafélaganna. Framkvæmdastjóri setur sig í samband við sveitarfélögin varðandi móttökuáætlun sveitarfélaganna.
- e. Fræðslu- og verkefnasjóður. Búið er að skila lokaskýrslum til UMFÍ. Nú þegar hafa þau greitt út hluta af styrkjunum.
- f. Umhverfissjóður, búið er að greiða UMF. Snæfell úr umhverfissjóð v. landsmóts 50+ 2023.
- g. Unnið er að bókhaldsvinnu fyrir HSH.

Næstu verkefni:

- a. Unnið er að því að útbúa flæðirit HSH fram að sumarfríi. Með því eru verkefnin sem HSH vinnur að betur römmuð inn.



# HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

*Stofnað 1922*

- b. Vinnufundur með Heiðari og Álfheiði ásamt Höllu frá ÍSÍ.
  - c. Íþróttamanneskja ársins – hófið
  - d. Aðalfundur aðildarfélaga HSH
  - e. Vinna hefst fyrir þing, tillögur, formannafundur, ársskýrslur og fl.
2. Formannafundur
- a. Formannafundur verður haldinn í febrúar. Markmið með fundinum er að fara yfir það sem þarf að vera klárt fyrir þing HSH sem haldið verður í apríl.
    - i. Tillögur sem lagðar verða fyrir þing svo það renni smurt í gegn.
    - ii. Aðalfundur aðildarfélaganna.
    - iii. Samþykktir ársreikningar
    - iv. Starfsskýrsluskil
    - v. Merki UMFÍ og ÍSÍ
    - vi. Nýr stjórnarmeðlimur kosinn inn í stjórn HSH á næsta þingi.
  - b. Formannafundurinn verður haldinn fimmtudaginn 20.febrúar kl. 17.00.  
Staðsetning verður auglýst þegar nær dregur.
3. Héraðsþing HSH verður haldið í Grundarfirði mánudaginn 7.apríl 2025. Mikilvægt er að aðildarfélög verði búin að halda aðalfundi sína fyrir 15.mars.
4. Íþróttamanneskja ársins verður haldið að Langaholti sunnudaginn 12.janúar kl. 12.30. Stjórn HSH mun sjá um að veita íþróttafólki, sjálfboðaliðum og vinnuþjörkum viðurkenningar.
5. Næsti stjórnarfundur HSH verður haldinn mánudaginn 10.febrúar kl. 17.00 í Stykkishólmi.
6. Önnur mál
- a. Þing ÍSÍ verður haldið 16. – 17.maí. Formaður og framkvæmdastjóri HSH munu sitja þingið.

Fundi slitið kl. 20.15

---

Gunnhildur Gunnarsdóttir